

*bænda*  
FERÐIR

## VESEN Á GRÆNLANDI



**18. – 22. júní 2024**

**Fararstjórn: Einar Skúlason**

Gönguferð

Grænland

## Ferðalýsing

Í þessari einstöku gönguferð kynnumst við stórbrotinni náttúru **Grænlands**, íbúum þess og menningu að fornu og nýju. Suður-Grænland býður upp á undurfagurt og ósnortið landslag, jökulheima, heiðalönd, firði og fjörur. Miklir skriðjöklar ganga út úr Grænlandsjökli fram í sjó og munum við sigla um **Qalerallit fjörð** á milli tignarlegra ísjakanna. Það er mikilfenglegt þegar bæði eyru og augu verða vitni að því þegar bláir ísjakar brotna af jöklinum og steypast niður í sjó með braki og brestum. Við munum kynnast bænum **Narsaq** vel og hvernig menning Grænlandinga hefur þróast frá fornu fari til vorra daga. Þá munum við dvelja á **Görðum** og skoða minjar gamla biskupssetursins. Frá Görðum verður gengið upp á **Narsarsup Qaava** hásléttuna, þaðan sem óviðjafnanlegt útsýni fæst yfir **Qooroq fjörðinn** sem liggur að **Eiríksfirði**. Jafnframt skoðum við **Bröttuhlíð** við Eiríksfjörð, þar sem þau Eiríkur rauði, Þjóðhildur kona hans, Leifur heppni og fleiri afkomendur þeirra hjóna bjuggu. Við fléttum sögu, menningu og náttúru saman við gönguferðir til að tengjast betur mögnuðu landslagi Grænlands.

**5 dagar | 4 nætur**

2 nætur Narsaq | 1 nótt Tasuisaq | 1 nótt Igaliku (Garðar)



### Undirbúningur

Mikilvægt er að þátttakendur séu í góðu gönguformi en besti undirbúningurinn er að ganga reglulega á fjöll. Fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu er gott að fara t.d. upp að Steini í Esjunni vikulega í u.þ.b. 6-8 vikur fyrir ferð. Ágætis viðmið er að geta gengið upp að Steini Esjunnar og niður aftur á innan við 2 klst. og líða vel eftir gönguna. Sambærilegt væri að fara þrjár ferðir á Úlfarsfell í hverri viku. Þeir sem búa fjær velja sér sitt staðarfjall til að ganga á og sameina þar með undirbúning og útiveru. Því fylgir mikil ánægja að æfa fyrir gönguferð af þessu tagi og farþegar njóta sjálftrar ferðarinnar miklu betur ef þeir æfa og undirbúa sig vel fyrir ferðina. **Vinsamlegast athugið að ef þátttakendur hafa ekki þá getu sem nauðsynleg er fyrir göngur ferðarinnar getur fararstjórinn farið fram á að viðkomandi sleppi einhverjum degi/dögum. Í staðinn er hægt að nýta sér aðstöðu hótelsins eða fara í léttar gönguferðir á eigin vegum.**

### 18. júní | Flug til Narsarsuaq & Narsaq

Brottför frá Keflavík kl. 17:30 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Narsarsuaq kl. 18:30 að staðartíma. Siglum til bæjarins Narsaq þar sem við gistum næstu tvær nætur. Narsaq er næst fjölmennasti bær Suður-Grænlands með 1500 íbúa. Þar er fjöldi litríkra húsa undir bæjarfjallinu





Qaqqarsuaq og aðeins fjær er Kvanefjeld sem hefur verið lýst sem einu dýrasta fjalli í heimi vegna möguleika í námuvinnslu.

### 19. júní | Qalerallit & Qajaq

Eftir morgunverð höldum við í siglingu til Qalerallit fjarðar þar sem við förum í land við skriðjökul og göngum að jökulbrúninni á einum af skriðjökklunum og skoðum hann í nærmynd. Þegar farið er aftur um borð í bátinn siglum við í námunda við einn skriðjökulinn og skoðum í návígi þar sem hann skriður fram í sjó. Eftir að komið er aftur til Narsaq heimsækjum við byggðasafnið í Narsaq og fræðumst um sögu svæðisins. Eftir það er bruggverksmiðjan Qajaq heimsótt en þar er bruggaður bjór úr allt að 4000 ára gömlu leysingarvatni úr nálægum jöklum.



### 20. júní | Quassarsuk & Sermilik

Við höldum í stutta siglingu yfir til Quassarsuk, sem áður hét Brattahlíð. Þetta er landnám Eiríks rauða og þarna má finna ótal mannvistarleifar sem vert er að skoða m.a. rústir af bæ Eiríks rauða. Það er gaman til þess að hugsa að sauðfjárnændur í héraðinu heyja í dag á sama svæði og menn Eiríks gerðu fyrir meira en þúsund árum. Farangrinum er skutlað til



bæjarins Tasuisaq og við göngum um gamla stíga og kindaslóðir og sjáum brátt í Ísafjörð (Sermilik) þar sem gríðarlegur fjöldi ísjaka setur svip sinn á umhverfið. Við gistum í heimagistingu þar sem Aviája og Klaus eru með nokkur hundruð fjár og reka gistipjónustu á sumrin. Þau bjóða upp á kvöldmat og eftir mat er tilvalið að fara í kvöldgöngu út með ströndinni að rústum eftir norræna búsetu.

- ✓ Vegalengd: u.þ.b. 7 km
- ✓ Hækkun: u.þ.b. 250 m

### 21. júní | Igaliku (Garðar)

Eftir góðan morgunverð er farangri pakkað og við siglum til Igaliku (Garða) sem er eitt fallegasta þorp Grænlands. Við siglum til Itelleq, setjum farangur í skutl og göngum til Igaliku eftir svonefndum Kóngsvegi. Þar sem hann er hæstur er fallett útsýni yfir þorpið. Í Igaliku var aðalkirkjustaður og biskupssetur Grænlendinga til forna. Nú eru hér skóli, kirkja og verslun en glögg má sjá að íbúar stunda sauðfjárrækt. Húsin eru máluð í margvíslegum litum, fagurgrænt undirlendi er milli þorps og fjöru og síðan tekur fagurblár sjórinn við. Handan fjarðarins gnæfir fjallið Illerfissalik með hvítum kolli. Tekin verður ganga á Narsaarsup Qaava hásléttuna, þaðan sem óviðjafnanlegt útsýni fæst yfir Qooroq fjörðinn sem liggur að Eiríksfirði.



- ✓ Vegalengd fyrri ganga: 5 km og 150 m hækkun
- ✓ Vegalengd seinni ganga: 13 km og 300 m hækkun

## 22. júní | Heimferð

Eftir góðan morgunverð í Igaliku hlöðum við bíl með farangri og göngum yfir til Itelleq. Svo er siglt yfir til Narsarsuaq og við höldum á flugvöllinn, þaðan sem flogið verður heim kl. 19:15. Lent í Keflavík kl. 00:15 að íslenskum tíma.

- ✓ Vegalengd: u.þ.b. 5 km
- ✓ Hækkun: u.þ.b. 150 m



### Verð

**358.800 kr. á mann í tvíbýli, 1 nótt í**

**bændagistingu með sameiginlegu baðherbergi og 3 nætur á gistiheimili með sameiginlegu baðherbergi.**

31.500 kr. aukagjald fyrir einbýli, 1 nótt í bændagistingu og 3 nætur á gistiheimili með sameiginlegu baðherbergi.

**379.700 kr. á mann í tvíbýli, 1 nótt í bændagistingu með sameiginlegu baðherbergi og 3 nætur á hóteli með sérbaðherbergi.**

62.600 kr. aukagjald fyrir einbýli, 1 nótt í bændagistingu með sameiginlegu baðherbergi og 3 nætur á hóteli með sérbaðherbergi.

### Innifalið:

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting skv. ferðalýsingu.
- ✓ Einn nestipakki og kvöldverður í Tasuisaq.
- ✓ Ferðir til og frá flugvelli.
- ✓ Allar skoðunarferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Bátsferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



### Ekki innifalið:

- ✓ Fjórir hádegisverðir.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Þjófú.

